

Nd. 276. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [153. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkvæmt alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi, þó þarf lög um það hverju sinni.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslensk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þörf er orðin á að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem fjalla um ríkisborgararétt erlendra manna og aðstöðu slíkra til þess að eignast fasteignir eða náttúruauðæfi á Íslandi.

Þegar núgildandi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóv. 1919, voru sett, þótti svo sjálfsagt, að Íslendingar héldu fast á eignarrétti og umráðarétti yfir fasteignum á Íslandi, að nóg þótti að setja í lög, að erlendir menn þyrftu að vera hér heimilisfastir, eða að milliríkjasamninga þyrfti, til þess að þeir hefðu rétt til að eignast hér fasteignir. Þá voru og dansk-íslenzku sambandslögin í gildi, sem heimiluðu Dönum slíkan rétt, og máttu íslensk lög þá ekki brjóta í bága við þau.

Nú er þetta orðið breytt. Engin þörf er lengur á að taka tillit til dansk-íslenzku sambandslaganna, þar sem þau eru úr gildi fallin. En hins vegar hefur það komið í ljós við ýmsar þær athuganir um samninga við erlend ríki, sem fram hafa farið undanfarið, að mikil hætta gæti fylgt því fyrir yfirráð vor Íslendinga yfir fasteignum og náttúruauðæfum í landi voru, ef ekki væru reistar rammar skorður við því, að útlendingar gætu eignast fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Samkvæmt núgildandi lögum gætu meðal annars stjórnarvöld, sem kynnu að vera slíks sinnis, hleypt erlendum aðilum inn í landið, og þótt þeim lögum væri breytt á einu þingi til batnaðar, mætti breyta þeim aftur til hins verra, svo að segja að þjóðinni forspurðri. Aðeins með stjórnarskrárbreytingu er öruggt, að reistar væru rammar skorður gegn því, að útlendingar eignuðust fasteignir hér, og stjórnarskránni er ekki hægt að breyta að þjóðinni forspurðri. Því er frv. þetta borið fram, og felst einnig í því að tryggja algerlega rétt Íslendinga einna til þess að eiga fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja rétt Íslendinga einna til að taka á leigu atvinnutæki og náttúruauðæfi, með þeim undantekningum, er þar greinir.

Þá gerist einnig aðkallandi að breyta þessum ákvæðum vegna þeirrar hættu, sem nú vofir yfir, að erlendum auðfélögum sé hleypt inn í landið til þess að reisa hér alúminíum-verksmiðjur, olíuhreinsunarstöðvar o. fl.

Það hefur verið eindregin stefna þjóðarinnar og snar þáttur í sjálfstæðisbaráttu hennar að hindra það, að útlend auðfélög næðu tókum á íslenskum auðlindum og íslenzku atvinnulífi. Þegar erlend auðfélög um 1920 höfðu eignast flestalla íslenska fossa, nema Sogið, var það fyrir harða baráttu manna eins og Bjarna frá Vogu, Guðmundar Björnssonar landlæknis og Jóns Þorlákssonar, að það tókst að eyðileggja þessi ítök erlendra auðfélaga í íslenskum auðlindum, er þá hefðu leitt til erlendrar stóriðju á Íslandi, svo sem Titan h.f., þáverandi eigandi Þjórsár, hafði ráðgert.

Það þarf að halda fast við þá stefnu efnahagslegs sjálfstæðis Íslands, er þá sigraði, og hindra, að erlend auðfélög geti náð tókum á efnahagslífi voru. Til þess er þetta frv. flutt.

Ákvæðin um ríkisborgararétt eru óbreytt.